

## LISTIR

# „Flogið yfir Heklu“

## MYNDLIST

**Kjarvalsstaðir**  
**MYNDVERK**  
**SÝNINGARSTJÓRI/**  
**EINAR GARIBALDI**

Opið alla daga frá 10-18.  
 Til 19. ágúst. Aðgangur  
 400 krónur í allt húsið.

“The kind word need not cost much,  
 The prize of praise can be cheap:  
 With half a loaf and empty cup,  
 I found myself a friend”  
 “Viking sayings, ca 880 AD”

Í aðfaraorðum sýningarhrár, skilgreinir Eiríkur Þorláksson listsögufræðingur og forstöðumaður Listasafna Reykjavíkur tilgang framkvæmdarinnar, Flogið yfir Heklu, í þá veru: Hvað er Ísland Íslendingum við upphaf 21. aldarinnar? – Hvað ætlum við Íslandi að vera okkur sjálfum og sífellt fleiri gestum okkar í framtíðinni? – Stórkostleg skreyting sumarmyndna/ – Dulúðugt myndefni málverka – Ótakmarkaður vettvangur virkjana? – Lítt snortinn unaðsreitur umhverfissinna? Heldur svo áfram: Sýningin er örflítið framlag til þessarar umræðu. Þar hefur sýningarstjórinn Einar Garibaldi Eiríks-son ferli sem hvetur okkur til umhugsunar um hvert hlutverk landsins er – bæði í listum þjóðarinnar, vitund og jafnvel viðskiptum; landið er hið sama, en viðhorf íbúanna að breytast...

Þetta er viðamikil framkvæmd og víða komið við, og þótt svo látið sé í veðri vaka, að hér geti skoðandinn metið og vegið hlutina eftir eigin höfði skín strax í gegn, að hér er um að ræða hlutdrægt endurvarp á hugarheimi sýningarstjórans, umhverfi,

tíðaranda, skólun og listrænu uppeldi. Virðist lífa í hugarheimi þar sem allt er látið vaða, gripið í vinnubrögð og gögn fortíðar af leikgleði henti-seminnar, án nokkurra síðferðilegra eftirþanka. Eitt er að sækja efnivið og fóng frjállega til nútíðar sem fortíðar í myndveraldir sínar líkt og t.d. John Baldessari og Guðmundur Erró, en annað að taka sjálf frumverkin til handargagns og raða þeim upp eftir eigin geðþótta og flokka í ósamstæða heild og andhverfur. Vinnubrögð sem ekki eru einasta vafasöm heldur mjög umdeilanleg í þessu formi, þótt engan veginn skuli þeim hafnað með öllu. En forsendum er hér víxlað, tilheyra löngu liðnum tímum er söfn voru dimmir, handahófskenndir geymslu-staðir listaverka sem fáir rötudu í. Í dag er þessu öðruvísi farið, listasöfn ekki einasta troðfull af gögnum úr fortíð sem almenningur getur nálgast á mjög lífrænan og skilvirkan hátt, heldur einnig forvitnu og vökulu fólk.

Skrifara þannig iðulega um og ó innan um allan mannföldann á stór-söfnum heimsins er svo er komið, sem hefur margfaldast á hálfri öld og eykst ár frá ári. Hér á síður að hafa útskerið kæra, landlæga fáfræði og skipulagsleysi sem viðmið um alla heimsbyggðina. Þá er löngu liðin tíð að til séu einhver kórreitt viðhorf um starfsvettvang listasafna eða upphengingar listaverka og finnst einungis í heilabúum fólks sem rekur upp ramakvein ef hlutirnir eru öðruvísi en síðustu núhorf bjóða hverju sinni og þá gengið að þeim af oflæti og geðþótta, einnig á skjön við viðtekin sannindi og staðreindir.

Í formi sínu minnir frammgingurinn í Vestursal einmitt öllu meira á fortíðina en núviðhorf um skilvirkar list-rænar framkvæmdir í sögulegu samhengi, þannig er hún bæði þung og



Gjörningaklúbburinn, tölvuunnar ljósmyndir. Halldór Ásgeirsson: Bráðið hraun. Að baki, Hreinn Friðfinnsson: Frá Mont Sainte Victoire, afþrykk. Vilborg Dagbjartsdóttir: Ljóð. Loks sér lengst til hægri í málverk Eyjólfss Einarssonar: Hverfill, málað í Ljósárfossvirkjun á menningarborgarári.

ósamstæð þrátt fyrir að hún sé hlutuð niður í sex flokka. Þeir yfirleitt eitt-hvað svo ruglingslegir og samhengislausir innbyrðis, og á köflum grípa myndirnar inn í hver aðra svo sums staðar er kraðak réttasta skilgreiningin, einkum um gömlu landakortin sem að auki eru í hálförökki. Og víða sér í framúrskarandi myndverk sem eru beinlínis myrt í upphengingunni eða sparka hvert í annað eins og á sér stað um málverk Nínu Tryggvadóttur og Jóns Stefánssonar, enda minna verið að hugsa um inntak hvers fyrir sig en að fylgja einhverjum tilbúnum sem mynduðum stefnumörkum um hinn rétta ásamtíðarinnar. Öllu skilvirkar farið að á suðurvegg þar sem saman hanga hlíð við hlíð málverk þeirra Georgs Guðna og Kjarvals.

Par fyrir utan raska skýringarmyndir sjóneinbeitingunni, brugðið upp beint á veggina að baki listaverkanna, sumar að auki af tímamótandi listaverkum í heimslíttinu. Leiða hugann öllu frekar burt frá myndverkunum sem hengt eru ofaní þeir, en að þær styrki og skýri heildarmyndina og tilgang framkvæmdarinnar, hins vegar eru myndbönd þeirra Hafðisar Halldórsdóttur og Bjarkar væn og skilvirk viðbót, þótt ekki vísi þau beinlínis til Heklu. Enn er nokkur spurn hví viðþekktum orðskvið úr Hávamálum er slengt

framan í áhorfandann á ensku líkt og sú tunga hafi forréttindi. Sé æðra móðurmálinu og þannig séð vitrænn og leiðandi uppsláttur er falli inn í ímyndina um náttúrusýn Íslendinga og eldfjallið Heklu, eða hvað afþrykk af yfirborði erlendis fjalls hafi með sjónræna nálgun okkar við náttúru Íslands að gera? Og svo við snúum okkur beint að heimaslóðum; hvað tengir eldfjallið Heklu útsýni til Herðubreiðar úr hópferðabíl, eða til að mynda stórar ljósmyndir af hinum ungu og kynþokkafullu róðum Gjörningaklúbbsins, með bláma æskublómans og sakleysisins en ekki síður lostafull fyrirheit er renna saman við viðáttunni í bakgrunninum?

Þá kemur um form og innihald sérviskuleg og flókin sýningarhráin hinum almenna sýningargesti naumast niður á jörðina, gerir hann frekar enn áttavilltari.

Ekki hefur skrifari hið minnsta á móti því að hlutirnir séu stokkaðir upp á þennan hátt, en eitthvað er það mjög á reiki að skilgreiningin, flogið yfir Heklu, sé rétt og viðeigandi um þennan samhengislausu gjörning. Má frekar telja hann náttúruvæna innsetningu, þar sem framandi föng, íslensk náttúrusög og eldfjallið Hekla eiga stefnumót, eru vend og ívaf utan um mikla ósamstæða fyrirferð.

Bragi Ásgeirsson

## Djasstónleikar á Café Ozio

ANNAÐ KVÖLD, sunnudagskvöld, mun tríó Szymon kuran leika tónlist fyrir gesti Café Ozio. Tríóið leikur latín tónlist í bland við frumsamið efni og eru áhrifin fengin víða að.

Það er fjöluleikarinn Szymon Kur-an sem fer fyrir flokknum, en aðrir meðlimir hans eru slagverksleikarinn Þórdís Claessen og gítarleikarinn Hafðis Bjarnadóttir.

Þess má geta að tríóið gaf á dög-unum út geisladiskinn Live in Reykjavík.

Tónleikarnir hefjast að venju kl. 21.30.

Miðaverð er 600 kr.

## Stian Rønning sýnir í Gallerí Geysi

NORSKI listamaðurinn Stian Rønning opnar sína fyrstu einkasýningu á Íslandi í Gallerí Geysi V/Ingólfstorg í dag laugardag milli kl. 16:00-18:00. Sýningin ber yf-irskriftina: „Sérð Þú það sem Ég sé.“

Rønning sýnir ljósmyndir sem eru teknar á Thailandi, Laos, Nor-egi og Íslandi á árunum 1999-2001. Allir eru velkomnir við opnun sýningarinnar eða síðar.

Sýningin stendur til ágústloka.

## Táknmálsleiðsögn um Errósýningu

TÁKNMÁLSTÚLKUR tekur þátt í leiðsögn um Errósýninguna í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi á sunnudag kl. 16. Sýningin spannar allan feril listamannsins og er í öllum sölum safnins.

## Tímarit

FYRSTA tölublað fyrsta árgangs Fálkans, menning-arblaðs, hefur litið dagsins ljós. Ritstjórn er í höndum **Ragnars Halldórssonar**, en í ritnefnd sitja þau **Salvör Nordal** og **Matthías Johannessen**. Útgefandi er Íslenska kvikmyndastofan ehf.

Fálkinn tekur aftur til starfa eftir 35 ára hlé, en á árunum 1928-66 kom út blað í Reykjavík undir sama nafni. Nú hefur blaðið breytt stefnu sinni og mun fjalla um listir og menningu. Ragnar Halldórsson ritstjóri segir m.a. í upphafsgrein: „Allir mæli-kvarðar á sannleika og fegurð virðast horfnir. Trúin, listin og heimspekin hjálpa okkur að lifa af, veita okkur andleg verðmæti sem eru lífs-naudsýnleg ... Við viljum örva fegurðarskynið með því að benda á það sem er fallett og fagurfræðilega athyglisvert með hjálp fólks sem hefur næmt auga fyrir slíku.“

Í þessu fyrsta tölublaði má meðal annars finna grein eftir Vigdís Finnbogadóttur, Ljóð-mál Matthíasar Johannessen, umfjöllun um ljósmyndarann Ara Magg, ljóð eftir Guðberg Bergsson og greinar skrifadað frá París, London og New York af Erró, leiklistarnem-anum Anítu Briem og ljós-myndaranum Önnu Pálmá-dóttur, auk ítarlegra upplýsinga um hvað sé á döf-inni í menningarheiminum á næstunni.

## Tognuð tunga á galleri@hlemmur.is

LAUGARDAGINN 21. júlí, klukkan 16, opnar Guðný Rósa Ingimarsdóttir sýningu á galleri@hlemmur.is. Þetta er hennar sjötta einkasýning. Sýningin ber yfirskriftina „Tognuð tunga“ en þar ferðast listakonan á milli nokkurra augnablika með aðstoð verka frá þessu og síðasta ári. „Eftir bruna hverrar skemmu var innvöld eins og öfugsniúð. Við eyddum nokkrum vikum á röngunni. Svo kom að því að einhver sagði eitthvað sem fletti okkur inn aftur. Veggur skyldi byggður til varnar svo ekki yrðu á okkur varanlegar skemmdir.“ Guðný Rósa útskrifaðist frá MHÍ 1994 og hélt þá til náms í Brussel þar sem hún hefur verið búsett síðan. Hún hefur verið virk í sýningahaldi þar ytra og hlotið viðurkenningar fyrir störf sín þar og hér heima, meðal annars úr Styrktarsjóði Svavars Guðnasonar listmál-

ara og frú, Ástu Eiríksdóttur. Guðný Rósa hefur nýlega haldið einkasýningu í Musée de la tapisserie de Tournai, Belgíu, galleri@hlemmur.is, Reykjavík, og Les Temoins Occulistes asbl Brussel, Belgíu. Meðal sam-sýninga sem hún hefur tekið þátt í nýlega eru Open Moving art studio, Brussel, Belgíu, Regards de femmes Mediatine, Brussel, Belgíu, Opið/Lokað galleri@hlemmur.is, Reykjavík, Les Temoins Occulistes asbl, Brussel, Belgíu, Trames d'artiste, Le Centre culturel de Schaerbeek og Abel Joseph gallery, Brussel, Belgíu og Miedzynarodowe Triennale Tkaniny Lodz, Póllandi.

galleri@hlemmur.is er opið frá fimmtudegi til sunnudags, kl. 14-18. Sýningunni lýkur 12. ágúst. Athugið að engin boðskort hafa verið send út en allir eru hjartanlega velkomnir.

## Hagyrðingamót í íþróttahúsinu á Siglufirði

HAGYRÐINGAMÓT verður í íþróttahúsinu á Siglufirði í dag til styrktar Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar. Þar mætast fjórir landsþekktir hagyrðingar: Halldór Blöndal, forseti Alþingis, séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur, Ósk Þorkelsdóttir, útgerðar-maður á Húsavík, og Þórarinn Eld-járn, rithöfundur. Að lokinni rimmu þeirra verður stíginn dans við undirleik siglufirsku hljómsveit-arnar Storma.

Hagyrðingakvöldið er haldið til styrktar uppbyggingu Þjóðlaga-seturs sr. Bjarna Þorsteinssonar á

Siglufirði. Eins og kunnugt er festi Félag um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar kaup á Maððömu-húsinu svokallaða, elsta húsi Siglu-fjarðar, en því er ætlað að hýsa þjóðlagasetrið. Sr. Bjarni bjó í Maððömuhúsinu meðan hann vann að þjóðlagasöfnun sinni í lok 19. aldar og þar urðu Háttíðarsöngv-arnir til sem sungnir eru í kirkjum landsins á stórhátíðum kirkjunnar. Ætlunin er að hefja endurbætur á Maððömuhúsinu og koma því í upphaflegt horf.

Hagyrðingakvöldið hefst kl. 21.00 og dansleikurinn um kl. 23.30

## Trillan og tónsprotinn

### KVIKMYNDIR

Háskólabíó/  
 Filmundur

Lúðrasveit og brú

★★½

Leikstjóri og handritshöfundur Böövar Bjarki Pétursson. Hljóð-taka Bruno Pisek, o.fl. Hljóð-vinnsla: Ingvar Lundberg, Kjartan Kjartansson, o.fl. Kvikmyndatöku-stjóri Böövar Bjarki Pétursson o.fl. Klipping Purður Einarssdóttir. Helstu viðmælendur Páll Pam-pichler Pálsson, Haukur Karlsson, Kristjana Ísleifsdóttir, Hafðis Hauksdóttir. Sýningartími 85 mín. Íslensk heimildarmynd, gerð með aðstoð WDR, Köln og Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum. 2001.

Í FLJÓTU bragði virðast áhöld-in trilla og tónsproti eiga fátt sam-eiginlegt. Það fyrrnefnda notað við járnabindingar í steinsteypum nú-tímamannvirkjum, tónsprotinn hið leiðandi, máttuga hjálpartæki hljómsveitarstjórnenda við að galdra fram hinn eina sanna tón og takt. Böövar Bjarki Pétursson sýnir okkur hinsvegar í heimild-armyndinni Lúðrasveit og brú að þegar grann er skoðað eiga þau firnamargt sameiginlegt. Ekki síst sem undirstöðuhlutir við að móta samfélagið einsog við viljum hafa það. Hvar værum við stödd án steinsteypu og tónlistar; brúar- og tónsmíða?

Böövar Bjarki (myndirnar um Sigga Valla, o.fl. o.fl.), og hans

Sæbjörn Valdimarsson